

Mál nr. 378/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála málskostnaðarliðar vegna ágreinings.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. október 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 12. október 2015.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M á í ágreiningi við fjármálafyrirtæki sem hefur stefnt M til greiðslu yfirdráttarskuldar á bankareikningi fyrirtækis en M sé stefnt til greiðslu umræddrar skuldar þar sem hann er ábyrgðarmaður vegna skuldarinnar.

M telur að ágreiningur þessi falli undir gildissvið málskostnaðarliðar fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M kveðst vera sjómaður og tengist því fyrirtæki sem stofnaði til yfirdráttarskuldarinnar eingöngu með þeim hætti að hann sé fjárfestir, þ.e. hann eigi hlutafé í fyrirtækinu og ágreiningurinn varði eingöngu yfirdráttarskuldina en ekki atvinnu hans með nokkrum hætti.

V telur að undanþáguákvæði gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum eigi við þar sem félagið segir að það bæti ekki málskostnað í málum sem varði atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. V vísar til þess að M sé skráður eigandi, framkvæmdastjóri, prókúruhafi og stjórnarmaður í fyrirtæki því sem stofnaði til yfirdráttarskuldarinnar og hafi hann því gert það í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur í skilningi gr. 25.5 og vísar V til úrskurða nefndarinnar í málum 147/2014 og 3/2015 máli sínu til stuðnings. Einnig vísar V til þess að félagið undanskilji sig einnig ábyrgð vegna ágreinings í tengslum við ábyrgð sem vátryggður hefur gengist í, sbr. gr. 25.6 í vátryggingarskilmálum.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð viðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M varði sjálfskuldarábyrgð hans á skuldbindingum fyrirtækis. Samkvæmt mjög skýru undanþáguákvæði gr. 25.6 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki málskostnað vegna mála sem varða ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í. Þegar af þeirri ástæðu, að ágreiningur sá sem leiddi til stefnu á hendur M varðar sjálfskuldarábyrgð hans, fellur hann utan gildissviðs vátryggingarinnar þó V semji einhliða vátryggingarskilmála þá sem sem vísað er til.

Þess ber að geta að það liggur ekki ljóst fyrir í gögnum málsins, t.d. með útskrift úr fyrirtækjaskrá, að M sé jafnframt stjórnarmaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en það mundi skv. orðanna hljóðan leiða til þess að undanþáguákvæði 25.5 í vátryggingarskilmálum ætti við.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.